

Ígræðsla innþekju í hornhimnu auga

Hornhimnan er glær himna sem hylur sjáldur og lithimnu augans eins og kúpull. Hún er tær til að ljós komist aftur í augnbotn þar sem frumur í sjónhimnunni breyta því í taugaboð til heilans og við skynjum sem mynd. Hornhimnuígræðsla getur komið að gagni ef bjúgur, ör, óregluleg lögun eða bólga í hornhimnunni draga úr ljósflæði um hana og skerðir sjón.

Segja má að hornhimnan sé lagksipt, í fimm lög. Það innsta er næfurþunnt lag af frumum sem hindra að bjúgur safnast fyrir í hornhimnunni. Ef þessum frumum fækkar um of, myndast bjúgur í hornhimnunni. Algengasta ástæða þess er svokölluð innþekjubilun (Fuchs endothelial dystrophy). Rannsóknir sýna að um 10% þeirra sem eru eldri en 55 ára sýna forstig innþekjubilunar. Af þeim geta um 1% þurft meðferð. Meðferðin felst í ígræðslu á innsta lagi hornhimnunnar, svokölluð DSAEK eða DMEK aðgerð.

Hornhimnan er líffæri og ígræðslan er því líffæragið. Augndeildin er í samvinnu við bandarísk samtök hornhimnubanka sem kallast „Miracles in Sight“. Hornhimnuígræðsla er frábrugðin öðrum líffæraígræðslum vegna þess að hver sem er getur gefið hverjum sem er og því þarf ekki að taka sterkt ónæmisbælandi lyf eftir aðgerðina.

Ígræðsla á innþekju hornhimnunnar er oftast gerð í staðdeyfingu.

Aðgerðardagur

Borða má morgunmat og taka inn lyf sem notuð eru að staðaldri, nema annað hafi sérstaklega verið tekið fram.

Mæting er á dagdeild 13D á 3. hæð Landspítala Hringbraut á umsömdum tíma að morgni aðgerðardags.

Gefin eru róandi lyf og deyfidropar í auga rétt fyrir aðgerðina. Aðgerðin sjálf tekur 30-60 mínútur. Á skurðstofu er legið á skurðstofubekk þar sem höfuðið hvílir á þægilegan máta. Sóthreinsað lak er breitt yfir andlitið, og því síðan lyft frá munni og nefi. Hvorki má hreyfa sig né spjalla meðan á aðgerð stendur en mikilvægt er að láta vita ef þörf er á að hósta.

Eftir aðgerðina er dvalið á dagdeild 13D í tvær klukkustundir. Á þeim tíma er mikilvægt að liggja kyrr á bakinu. Boðin er hressing að aðgerð lokinni.

Læknir skoðar augað fyrir heimferð.

Útskrift

Verkir

Eðlilegt er að finna óþægindi og væga tilfinningu eins og aðskotahlutur sé í auga fyrstu dagana eftir aðgerð. Parasetamól 500 mg eða Parkódín (parasetamól/kódein) 500/10 mg töflur eiga að duga sem verkjastilling og þá 1-2 töflur að hámarki fjórum sinnum á dag.

Hreyfing

- Fyrstu þrjá dagana eftir aðgerð er mikilvægt að liggja sem mest á bakinu en fara má á salerni og sitja uppréttur á matmálstínum. Baklegan er nauðsynleg til að loft sem sett er í fremri hluta augans í aðgerðinni styðji við ígræddu hornhimnuna svo hún festist á sinn stað.
- Eftir þrjá daga má smám saman draga úr þeim tíma sem legið er á baki.
- Fyrstu tvær vikurnar eftir aðgerð á að forðast mikla líkamlega áreynslu. Ekki má fara í sund fyrstu fjórar vikurnar eftir aðgerð.

Auga

- Eftir aðgerðina má ekki nudda augað vegna hættu á að hornhimnan nái ekki að festast.
- Fyrst eftir aðgerðina getur sjónin verið í móðu (stundum verri en fyrir aðgerð) og augað viðkvæmt fyrir birtu.
- Á næturnar fyrstu vikuna er ráðlagt að nota skjöld yfir auga til að minnka hættu á að nudda óvart augað.

Augndropar

Byrjað er að nota augndropa að kvöldi aðgerðardags.

Allir fá steradropa til að minnka bólgu og koma í veg fyrir höfnun á ígræddu hornhimnunni. Þeir heita Maxidex (flaska) eða Opronol (í stakskammtahylkjum). Þá á að taka á eftirfarandi hátt.

Fyrstu 4 vikurnar	Næstu 3 mánuði	Næstu 6 mánuði	Næstu 12 mánuði eða lengur
4 sinnum á dag	Þrisvar á dag	Tvisvar á dag	Einu sinni á dag

Sumir geta auk þess þurft að fá sýklalyf eða aðra augndropa fyrstu dagana eftir aðgerð. Þeir sem hafa tekið þrýstingslækkandi glákudropa fyrir aðgerðina eiga að halda því áfram eftir aðgerð.

Hafa á samband við augnvakt Landspítala ef eftirfarandi hættumerki koma fram:

- Þungur og djúpur verkur í auga
- Höfuðverkur og ógleði
- Verkur sem ofangreind verkjalyf slá ekki á

Hringt er í skiptiborð Landspítala í síma 543 1000 og beðið um að fá samband við augnvaktina. Þetta gildir einnig að næturlagi, sérstaklega fyrstu nöttina eftir aðgerð.

Endurkomutímar

Mæta þarf daginn eftir aðgerð í augnskoðun á dag- og göngudeild augnlækninga kl. 08:15.

Reglulegt eftirlit fer síðan fram hjá augnlækni:

- Einni viku eftir aðgerð
- Einum mánuði eftir aðgerð
- Þremur, sex, tólf og 24 mánuðum eftir aðgerð

Vinsamlegast athugið að sjúkrahúsið getur ekki borið ábyrgð á peningum eða öðrum verðmætum svo sem sínum, tölvum o.fl. sem sjúklingar eða aðstandendur hafa meðferðis.

Athygli er vakin á því að starfsfólk og nemendum sjúkrahússins eru bundin þagnarskyldu og mega því ekki ræða um málefni sjúklinga á deildinni. Við viljum vinsamlegast biðja þig og aðstandendur þína að ræða ekki það sem þið kunnið að verða vitni að eða heyra um aðra sjúklinga.

Landspítali er kennsluspítali og nemendur í heilbrigðisfræðum og tengdum greinum stunda hluta af námi sínu á spítalanum. Nemendur fylgjast með og taka þátt í daglegri meðferð sjúklinga og eru alltaf á ábyrgð og undir handleiðslu leiðbeinenda sinna.